



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

### Efni: Verklýsing fyrir verðfyrirspurn Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið og greining.

Ágæti viðtakandi

Starfshópi á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hefur verið falið af stjórn SSH að ráða verkefnastjóra til að vinna loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið ásamt greiningu á yfirstandandi og fyrirbyggjandi verkefnum hjá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum sem stuðla að samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda, sbr. minnisblað svæðisskipulagsstjóra SSH dags. 12.04.2021.

Verkefnastjórinn mun starfa með starfshópi sem er skipaður fulltrúum frá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Hópnun er ætlað að veita verkefninu stuðning meðan vinna stendur yfir.

Verkefnið er hluti af Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir megináherslu sóknaráætlunar að minnka kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins (bls.19), með áherslu að kolefnislosun- og binding verði skilgreind og mælingu lokið fyrir árið 2022 (bls. 21).

Fyrirliggjandi er skýrsla ráðgjafastofunnar Environice: *Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins*, sem var unnin fyrir SSH. Í henni kemur fram útreikningur á kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2019. Skýrslan var lögð fyrir stjórn SSH hinn 19.04.2021 og var niðurstaða stjórnar svohljóðandi: *Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur sem lagðar eru fram í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra.*

Starfshópurinn hefur mótað nánari verkefnalýsingu fyrir verkefnið sem er svohljóðandi:

Heiti verkefnis	Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið og greining.
Verkkaupi	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Verknúmer	2103006
Lýsing	<p>Leitað er að aðila sem er tilbúinn og hefur getu til að taka að sér að verkefnastjórnun á eftirfarandi verkþáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Taka saman yfirstandandi og fyrirbyggjandi verkefnum hjá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum í eigu hins opinbera sem stuðla að samdrætti í útblæstri gróðurhúsalofttegunda, til dæmis uppbygging Borgarlínu, uppbygging hjólastíganets, áhrif nýrrar gas og jarðgerðarstöðvar, rafvæðing hafnarmannvirkja, kolefnishlutleysi ON fyrir 2030 o.fl., til að leggja mat á hvar höfuðborgarsvæðið er stött í vegferð að kolefnishlutleysi árið 2040. Með þessu verði hægt að sjá hvar aðgerðir eru nú þegar skila árangri og hvar er þörf á frekari aðgerðum.</li><li>Rýna sérstaklega stærstu einstaka liði í kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins: vegsamgöngur og sjóflutninga, og draga fram aðgerðir sem stuðla að losun í nokkurskonar handbók, fyrir sveitarfélögin til nánari útfærslu.</li><li>Móta drög að tillögu að einfaldri, sameiginlegri loftslagsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, þar sem áhersla er lögð á markvissar aðgerðir og leiðbeiningar – sem verða útfærð nánar af hverju sveitarfélagi fyrir sig.</li></ul> <p><b>Önnur atriði sem þarf að gera grein fyrir í skýrslunni</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>Gera grein fyrir helstu hagsmunaaðilum og samskiptaáætlun til þeirra í verkáætlun.</li></ul>
Verkefnaskil	Október 2021 eða fyrr
Samráð	<ul style="list-style-type: none"><li>Fundir með starfshóp eru í gangi og eru haldnir 1 x viku.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"><li>• A.m.k. einn samráðsfundur með opinberum hagsmunaaðilum meðan vinna stendur yfir.</li><li>• A.m.k. einn samráðsfundur með hagsmunaaðilum á einkamarkaði sem vinna við úrgangssöfnun.</li><li>• A.m.k. tvær kynningar á lokaafurð.</li></ul>
Tíma-viðmið	400 klst.
Lokaafurð	Skýrsla og fylgigögn með tilheyrandi texta, myndefni, töflureikni og heimildarskrá.

Leitað er eftir aðila sem er tilbúinn og hefur getu til að taka að sér að vinna í samræmi við ofangreinda verkefnislýsingu.

Þau sem hafa áhuga á þátttöku skulu senda upplýsingar um mat á umfangi verkefnisins (1 bls. hámark) ásamt föstu heildartilboði í verkið, þ.e. þann tímafjölda sem áætlað er að þurfi til að klára verkið og tímagjald, til [jon@ssh.is](mailto:jon@ssh.is).

Lægsta fasta tilboði í verkið verður tekið – sé metið að skilyrði verkefnislýsingar að ofan séu uppfyllt.


Svar þarf að berast eigi síðar en lok dags 7. júní 2021.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins er aðgengileg hér: <https://www.ssh.is/soknaraaetlun>

Frekari gögn um verkefnið eru aðgengileg hér: <https://ssh.is/kolefnisfotspor>

Með góðri kveðju

Virðingarfyllt,

  
Jón Kjartan Agústsson  
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins